

FRÉTTATILKYNNING TIL KAUPHALLAR ÍSLANDS

Afkoma Landsvirkjunar árið 2009

Ársreikningur Landsvirkjunar var í dag, 19. mars 2010, samþykktur á fundi stjórnar. Reikningurinn er samstæðureikningur sem tekur til Landsvirkjunar og dótturfélaga. Helstu atriði ársreiknings 2009 eru þessi:

- Hagnaður ársins nam 193 milljónum Bandaríkjadala (USD) sem svarar til um 24,4 milljarða króna á núverandi gengi.
- EBITDA nam 271,7 milljónum USD að teknu tilliti til áhrifa innleystra áhættuvarna. EBITDA hlutfall er 79,4% af veltu.
- Rekstrarhagnaður eða EBIT nam 157,3 milljónum USD að teknu tilliti til innleystra áhættuvarna eða sem nemur 46% af veltu.
- Mat á virði innbyggðra afleiða í tengslum við orkusölusamninga fyrirtækisins hækkaði um 253,3 milljónir USD á árinu 2009. Beitti Landsvirkjun afar varfærum forsendum við matið.
- Handbært fé frá rekstri nam 197 milljónum USD eða um 24,9 milljörðum króna á núverandi gengi.
- Vegna alþjóðlegrar lánsfjárfestingu ákvað Landsvirkjun að gæta aðhalds í rekstri, draga úr fjárfestingum og gæta að lausafjárstýringu.
 - Fjárfestingar voru 120,5 milljónir USD samanborið við 374,8 milljónir USD á árinu 2008.
 - Rannsóknir og þróun námu 23,6 milljónum USD samanborið við 48,4 milljónir USD á árinu 2008.
 - Afborganir lána voru hærrí en nýjar lántökur sem nam 4,6 milljónum USD.
 - Handbært fé í árslok nam 194,2 milljónum USD en að auki hefur fyrirtækið aðgang að samningsbundnu veltiláni og er óáðreginn hluti þess 281,6 milljónir USD. Laust fé er því alls 475,8 milljónir USD eða sem nemur um 60 milljörðum króna sem ásamt fé frá rekstri dugar til að mæta öllum skuldbindingum fyrirtækisins inn á árið 2012.
- Heildareignir Landsvirkjunar nema 4,8 milljörðum USD eða um 608 milljörðum króna á núverandi gengi. Skuldir nema 3,2 milljörðum USD eða sem nemur um 410 milljörðum króna.
- Eigið fé Landsvirkjunar var 1,56 milljarðar USD eða sem svarar til um 198 milljarða króna á núverandi gengi. Eiginfjárlutfall var 32,6%.

Ársreikningur Landsvirkjunar er gerður samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) og er hann í Bandaríkjadöllum sem er starfrækslugjaldmiðill móðurfélagsins. Samkvæmt IFRS eru innleystar áhættuvarnir vegna álverðstengingar í orkusölusamningum færðar á meðal fjármagnsliða. Stjórnendur Landsvirkjunar telja gefa gleggri mynd af rekstri fyrirtækisins að færa innleystar álvarnir með tekjum fyrirtækisins og birta einnig rekstrarreikning með þeim hætti í sérstöku yfirliti sem er fremst í ársreikningnum. Breytingin hefur ekki áhrif á afkomu, efnahag eða sjóðstreymi, en hún hefur áhrif á einstaka liði innan rekstrarreikningsins.

Rekstrartekjur lækkuðu um 152,2 milljónir USD á milli ára 2008 og 2009 sem skýrist einkum af lægra orkuverði til álfyrirtækja vegna lækkunar á álverði á heimsmarkaði auk þess sem tekjur af orkusölu á innlendum markaði lækkuðu á milli ára í Bandaríkjadöllum vegna lækkunar á gengi íslensku krónunnar. Tekjufærðar innleystar áhættuvarnir tengdar álverði námu 42,5 milljónum USD en árið á undan nam gjaldfærsla vegna slíkra áhættuvarna 54,8 milljónum USD. Að teknu tilliti til áhættuvarna nemur lækkun tekna frá fyrra ári 54,9 milljónum USD. Rekstrarkostnaður án afskrifta og virðisrýrnunar nam 70,7 milljónum USD á árinu en var 100,5 milljónir USD árið áður. Fjármunatekjur umfram fjármagnsgjöld námu 95,1 milljón USD sem skýrist aðallega af hækkun á gangvirði innbyggðra afleiða í orkusölusamningum sem tengdir eru álverði auk lægri neikvæðs gjaldeyrismunar. Gangvirðisbreytingar og gengistap eru að mestu leyti óinnleyst og verður að hafa það í huga við mat á afkomu fyrirtækisins. Meðalnafnvextir langtímalána voru um 2,46% á árinu 2009 en þeir voru um 4,51% árið áður.

Horfur á árinu eru góðar. Álverð er viðunandi um þessar mundir þó óvissa sé um þróun næstu missera. Þá er vaxtastig á helstu mörkuðum afar lágt sem nýtist Landsvirkjun vel þar sem mikill meirihluti lána ber breytilega vexti. Því standa vonir til að sjóðsmyndun verði góð um sinn. Afkoma fyrirtækisins mun sem fyrr ráðast að miklu leyti af gangvirðisbreytingum á innbyggðum afleiðum og gengisþróun. Fyrirtækið hefur aðgang að lausafé og lánum sem ásamt fé frá rekstri mun tryggja að fyrirtækið getur mætt núverandi skuldbindingum sínum inn á árið 2012. Stöðugt er unnið að endurfjármögnun og eru stjórnendur þess fullvissir að henni verði lokið fyrir þann tíma.

Landsvirkjun mun ekki ráðast í nýjar stórframkvæmdir nema að fjármögnun sé tryggð en stöðugt er unnið að endurfjármögnun eldri lána og fjármögnun nýrra orkuverkefna. Fyrirspurnir og heimsóknir frá hugsanlegum orkukaupendum sýna að eftirspurn eftir raforku frá Landsvirkjun er mikil og vonast fyrirtækið eftir því að það skili sér í hærra orkuverði í nýjum sölusamningum

Nánari upplýsingar veitir Stefán Pétursson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs, í síma 515 9000.

Ársreikningur Landsvirkjunar verður lagður fyrir aðalfund fyrirtækisins 16. apríl nk.

Reykjavík, 19. mars 2010

Helstu stærðir ársreiknings í þúsundum Bandaríkjadala:

	Samstæða - framsetning stjórnenda				IS-GAAP
	2009	2008	2007	2006	2005
Innleystar áhættuvarnir færðar meðal rekstrartekna					
Rekstrartekjur	299.788	452.027	368.824	343.511	250.836
Tekjufærðar (gjaldfærðar) áhættuvarnir	42.526	(54.759)	(59.447)	(50.963)	(12.745)
Rekstrartekjur samtals	342.314	397.268	309.377	292.548	238.091
Rekstrar- og viðhaldskostnaður	(70.655)	(100.512)	(105.800)	(102.805)	(95.366)
EBITDA	271.659	296.756	203.577	189.743	142.725
Afskriftir og virðisrýrnun	(114.321)	(105.532)	(81.960)	(76.932)	(79.104)
Rekstrarhagnaður (EBIT)	157.338	191.224	121.617	112.811	63.621
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	52.602	(605.804)	505.085	(212.470)	38.486
Tekjuskattur	(16.944)	70.048	(167.444)	277.230	0
Hagnaður (tap)	192.996	(344.532)	459.258	177.571	102.107

	Samstæða - skv. alþjóðlegum				IS-GAAP
	2009	2008	2007	IFRS 2006	2005
reikningsskilastöðlum					
Rekstrartekjur	299.788	452.027	368.824	343.511	250.836
Rekstrarkostnaður:					
Rekstrar- og viðhaldskostnaður	70.655	100.512	105.800	102.805	95.366
Afskriftir og virðisrýrnun	114.321	105.532	81.960	76.932	79.104
Rekstrarkostnaður alls	184.976	206.044	187.760	179.737	174.470
Rekstrarhagnaður	114.812	245.983	181.064	163.774	76.366
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	95.128	(660.563)	445.638	(263.433)	25.741
Hagnaður (tap) fyrir skatta	209.940	(414.580)	626.702	(99.659)	102.107
Tekjuskattur	(16.944)	70.048	(167.444)	277.230	0
Hagnaður (tap)	192.996	(344.532)	459.258	177.571	102.107

	31.12.2009	31.12.2008	31.12.2007	31.12.2006	31.12.2005
Eignir samtals	4.803.522	4.619.220	5.142.303	4.279.794	2.935.247
Eigið fé	1.564.487	1.376.792	1.600.145	1.143.272	963.269
Skuldir	3.239.035	3.242.428	3.542.158	3.136.522	1.971.978
Handbært fé frá rekstri	197.023	184.350	138.522	146.789	95.602
Fjárfestingar	120.533	374.797	532.526	731.967	461.008
Eiginfjárlutfall	32,6%	29,8%	31,1%	26,7%	32,8%
Arðsemi eigin fjár	14,0%	-21,5%	40,2%	18,3%	12,3%